

**Sp.**

## **42. Tillaga til þingsályktunar**

[41. mál]

um rannsókn og lagasetningu varðandi fjárreiður stjórnmalaflokka.

Flm.: Jónas Árnason, Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

- a) að láta fram fara opinbera rannsókn á fjárreiðum og eignum stjórnmalaflokka,
- b) að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmalaflokka og eftirlit með þeim.

### **Greinargerð.**

Reykjavíkurbref Morgunblaðsins 29. september síðastliðinn hófst á þessum orðum:

„Sjálfstæðismenn gera nú stóratök til að koma upp húsi fyrir starfsemi sína. Það er opinbert leyndarmál, að fjárhagur Sjálfstæðisflokksins hefur ekki verið jafngóður og skyldi um langt árabíl. Og flokkurinn hefur búið við ófullkomin húsakynni. Á sama tíma hefur Framsóknarflokkurinn safnað fasteignum í Reykjavík og eru fjárreiður þess flokks allar hinar dularfyllstu, enda litlar sem engar tilraunir gerðar til að afla fjár hjá hinum almenna flokksmanni, heldur hefur Kristni nokkrum Finnbogasyni verið falið að sjá um fjárreiðurnar. Raunar virðast kommúnistar einnig hafa ærið fé undir höndum. Hins vegar er það ekkert dularfullt, því að allir vita, hvaðan þeir peningar koma. Er raunar ástæða til, að menn hugleiði, hvort ekki sé orðið tímabært að koma á sérstakri lög-gjöf um fjárreiður stjórnmalaflokka og eftirlit með þeim.“

Með þessum orðum er af hálfu Sjálfstæðisflokksins kastað mjög alvarlegum aðdróttunum í garð tveggja annarra stjórnmalaflokka, Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins, sem, eins og allir vita, kallast að jafnaði „kommúnistar“ á síðum Morgunblaðsins.

Síðan hefur sjálfur formaður Sjálfstæðisflokksins gert nánari grein fyrir því í útvarpsþætti, hvað í þessum aðdróttunum felist varðandi Alþýðubandalagið sérstaklega: Alþýðubandalagið eða fyrirtæki í tengslum við það hafi með grunsamlegum hætti komist yfir fasteignir.

Flutningsmenn þessarar tillögu vilja taka undir þá hugmynd, sem fram kemur í ofanskráðri klausu úr Morgunblaðinu. Tillagan hlýtur að minnsta kosti að fá góðar undirtektir hjá Morgunblaðsritstjóra þeim, sem nú á sæti á Alþingi og ber persónulega ábyrgð á þeim aðdróttunum, sem í klausunni felast. Og þó að formaður Sjálfstæðisflokksins léti að visu að því liggja í umræddum útvarpsþætti, að hann teldi fyrir sitt leyti ekki víst, að fjármálaspilling stjórnmalaflokka væri enn komin á það stig, að þörf væri á sérstakri rannsókn eða lagasetningu til að hamla gegn henni, þá ættu opinberar umræður um þessi mál að verða þeim manni kærkomið tækifæri til að gera þjóðinni ítarlega grein fyrir kenningum sínum varðandi fasteignasöfnun, bæði grunsamlega og ógrunsamlega.